



# Staðardagskrá 21 fyrir Hörgárbyggð

Apríl 2006

# Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Atvinnulífið.....	5
Drykkjarvatn – Heitt vatn .....	7
Menningarminjar – náttúruminjar .....	8
Náttúrumengun og umhverfismál .....	10
Skipulagsmál .....	12
Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum.....	13
Skógrækt.....	14
Neysla og lífsstíll.....	15
Fjölskyldumál .....	17
Umferð og flutningar.....	18

# Inngangur

Hörgárbyggð liggur við vestanverðan Eyjafjörð, frá bæjarmörkum Akureyrar, um Kræklingahlíð og út að Hörgá, þaðan um Þelamörk og inn Hörgárdal, beggja vegna Hörgár, og Öxnadal. Þéttbýliskjarni er í Skógarhlíð, rétt norðan við sveitarmörk Hörgárbyggðar og Akureyrar. Grunnskóli sveitarfélagsins er á Þelamörk, auk þess sem þar eru íþróttamannvirki sveitarfélagsins. Leikskólinn Álfasteinn er norðan Skógarhlíðar. Byggðin í sveitarfélaginu mótast nokkuð af því að Þjóðvegur 1 liggur eftir því endilöngu, auk þess sem vegalengdir eru nokkuð miklar frá innstu bæjum í Öxnadal og inn í Kræklingahlíð og Skógarhlíð.

Nokkrir stórir vinnuveitendur eru í sveitarfélaginu og má þar nefna; Dvalarheimilið í Skjaldarvík, Húsasmiðjan, Þór hf. Vaki-DNG, Sláturhús B. Jensen, svo nokkur séu talin. Þá vinna margir við skólann, leikskólann og Íþróttamiðstöðina. Hefðbundinn landbúnaður hefur verið á undanhaldi á síðustu árum, en þó eru allmargir sem hafa vinnu af honum og búa stórt og vel.

Staðardagskrá 21 er velferðaráætlun sem öllum sveitarstjórnnum heimsins ber að gera í samræmi við ályktun Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Ríó de Janeiro 1992. Þessi áætlun skal unnin í samráði við íbúa og hagsmunaaðila á hverju svæði og á hún að tryggja komandi kynslóðum viðunandi lífsskilyrði. Með þessari áætlun er verið að vinna að framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið og leitast er við að svara þeirri spurningu hvernig íbúarnir og aðrir hagsmunaaðilar vilja að sveitarfélagið þróist á næstu árum og áratugum.

Nálægðin við Akureyri hefur mótað þróun byggðar og búskapar í Hörgárbyggð, hluti íbúa sveitarfélagsins sækir vinnu inn á Akureyri, auk þess sem íbúar frá Akureyri sækja vinnu í Hörgárbyggð. Líklegt er að þessar breytingar muni halda áfram og til að geta frekar tekist á við breytta tíma, ákvað sveitarstjórn Hörgárbyggðar sumarið 2005 að mótuð yrði Staðardagskrá 21 fyrir sveitarfélagið. Þar yrði gerð áætlun um hvernig sveitarfélagið ætti að þróast á næstu árum og áratugum, í anda sjálfbærrar þróunar og samkvæmt framtíðarsýn íbúanna sjálfra.

Skipuð var nefnd sem annast skyldi mótun fyrstu útgáfu þessa skjals fyrir sveitarfélagið. Í henni sátu eftirtaldir:

Birna Jóhannesdóttir, formaður, Skógarhlíð 41  
Anna Lilja Sigurðardóttir, þelamerkurskóla  
Hanna Rósa Sveinsdóttir, Hraukbæ  
Oddur Gunnarsson, Dagverðareyri  
Guðmundur Sturluson, Þúfnavöllum  
Varamenn:  
Davíð Guðmundsson, Glæsibæ  
Haukur Steindórsson, Þríhyrningi  
Gunnhildur Vala Valsdóttir, Fornhaga

Með nefndinni vann Ragnhildur Helga Jónsdóttir, starfsmaður Landsskrifstofu Staðardagskrár 21.

Ákveðið var að taka eftirtalda málaflokka fyrir í þessari vinnu: Atvinnulífið; Drykkjarvatn – heitt vatn; Menningarminjar – náttúruminjar; Náttúrumengun og umhverfismál; Skipulagsmál; Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum; Skógrækt; Neysla og lífstíll; Fjölskyldumál; Umferð og flutningar.

Það er von og trú þeirra sem unnið hafa að mótun þessarar áætlunar að hún verði samfélaginu til heilla og hún móti ramma sem hægt sé að styðjast við í þróun sveitarfélagsins á komandi árum, þannig að sú þróun sé sátt við umhverfi og samfélag á hverjum tíma.

# Atvinnulífið

## Stöðulýsing:

- Atvinnulíf í sveitarfélaginu er nokkuð fjölbreytt miðað við íbúafjölda. Má þar nefna: landbúnaður, verslun, dvalarheimili, ferðapjónusta, grunn- og leikskólar, verkstæði, sláturhús o.fl. Þessi fyrirtæki veita heimamönnum atvinnu, auk þess sem fólk úr öðrum sveitarfélögum sækir vinnu í Hörgárbyggð. Sömuleiðis sækja íbúarnir vinnu út fyrir sveitarfélagið, einkum til Akureyrar. Meðal stórra vinnustaða má nefna að Akureyrarbær rekur dvalar- og öldrunarheimili í Skjaldarvík, auk þess sem bærinn er með skóla í Varpholti ofan Skjaldarvíkur, Hlíðarskóla sem er sérskóli fyrir pílta, sem ekki getað stundað nám innan grunnskóla bæjarins og nú síðast er Akureyrarbær að koma upp slíkum skóla fyrir stúlkur í húsi í Skjaldarvík. Jafnframt eru fyrirtæki eins og Húsasmiðjan, Þór hf., Vaki-DNG og Sláturhús B.Jensen. Allir þessir vinnustaðir veita mörgum atvinnu og kemur stór hluti starfsmanna frá Akureyri. Hvorki hefur verið gerð ítarleg rannsókn á hlutfalli íbúa sem vinna utan sveitarfélagsins, né hve margir sækja vinnu inn í sveitarfélagið.
- Árið 2004 var hlutfall íbúa í sveitarfélaginu sem voru á vinnualdri (16-67 ára) 68,2%, samanborið við 63,8% á Norðurlandi eystra. Hins vegar var hlutfall barna og ungmenna heldur lægra í Hörgárbyggð, eða 22,9%, samanborið við Norðurland eystra, þar sem voru 24,9% íbúa á aldrinum 15 ára og yngri.
- Rúmlega fjórðungur íbúa býr utan lögbýla og hefur því ekki vinnu af landbúnaði. Auk þeirra eru þó nokkrir íbúar lögbýla sem vinna við annað en landbúnað.
- Ekki hefur verið gerð könnun á duldu atvinnuleysi í sveitarfélaginu, en talið er að lítið sé um það.
- Hefðbundinn búskapur er á undanhaldi í sveitarfélaginu, einkum í nágrenni Akureyrar. En þróunin hefur verið lík og annars staðar, að búum fækkar og þau stækka jafnframt. Bæði eru kúa- og sauðfjárbú, auk þess sem eitt svínabú er í sveitinni. Nokkrir aðilar rækta hross, auk þess sem nokkrir skógræktarbændur eru í sveitarfélaginu og hafa sumir þeirra verið mjög afkastamiklir
- Land- og malartekja er á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu og eru námurnar nýttar af Akureyringum.
- Skólar í sveitarfélaginu eru einnig stórir vinnuveitendur í sveitarfélaginu.

## Framtíðarsýn:

Að í sveitarfélaginu sé öflugt atvinnulíf, sem sé í sátt við umhverfi og samfélag á svæðinu.

## Verkefnalisti:

- ❖ Átak verði gert í að skapa aðstæður fyrir nýja atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu, bæði ný fyrirtæki, sem og flutning fyrirtækja úr öðrum sveitarfélögum.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* Stöðugt í gangi
- ❖ Fyrirtæki verði hvött til að taka upp umhverfisstjórnun. Haldið verði námskeið til að kynna þetta og þann ávinning sem hægt er að ná með slíkum aðgerðum.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* Stöðugt í gangi
- ❖ Þrýst verði á ríkisvaldið og Akureyrarbæ um að Dvalarheimilið í Skjaldarvík verði stækkað.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* 2009
- ❖ Komið verði á fót grafreit fyrir gæludýr.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* 2011

- ❖ Komið verði á fót úrvinnsluverksmiðju fyrir grisjunarvið úr nytjaskógum á svæðinu.
  - *Ábyrgð*: Félag skógarbænda á Norðurlandi *Verklok*: 2015
- ❖ Komið verði á fót þurrkstöð fyrir korn í sveitarfélaginu.
  - *Ábyrgð*: Félag kornbænda við Eyjafjörð *Verklok*: 2015

# Drykkjarvatn – Heitt vatn

## Stöðulýsing

- Mörg heimili í sveitarfélaginu eru tengd vatnsveitu Norðurorku hf. frá Vaglaeyrum.
- Einnig hafa ýmsar vatnsveitur verið settar upp, víðs vegar um sveitarfélagið. Meðal annars hafa allir mjólkurframleiðendur verið að setja upp vatnsveitu, þar sem það er skilyrði fyrir mjólkursöluleyfi að hafa viðurkennda vatnsveitu. Gerð er úttekt á vatnsbólunum og sýni tekin úr þeim og eru allir mjólkurframleiðendur með gild starfsleyfi fyrir sín vatnsból.
- Í heildina er álitid að drykkjarvatn sé nokkuð gott í sveitarfélaginu.
- Á einhverjum bæjum hafa verið vandræði með að hafa nægt vatn handa mjólkurkúm, þegar mestir þurrkar eru.
- Hluti sveitarfélagsins er tengdur hitaveitu Norðurorku og eru það ákveðin forréttindi. Jafnframt er unnið að því að tengja efri byggð í Kræklingahlíð við hitaveituna. En ekki hefur verið um það rætt að leggja hitaveitu víðar um sveitarfélagið, en nú er.

## Framtíðarsýn:

Að allir íbúar sveitarfélagsins hafi aðgang að nægu, hreinu og ómenguðu vatni.  
Að allir íbúar sveitarfélagsins hafi aðgang að heitu vatni.

## Verkefnalisti:

- ❖ Gerð verði úttekt á ástandi drykkjarvatns í sveitarfélaginu, til að vita hvernig ástandið er.
  - *Ábyrgð: Sveitarstjórn Verklok: 2010*
- ❖ Gerðar verði úrbætur þar sem þess er þörf í framhaldi af úttekt á ástandi neysluvatns.
  - *Ábyrgð: Sveitarstjórn, landeigendur Verklok: 2012*
- ❖ Hvatt verði til lagningar hitaveitu víðar um sveitarfélagið en nú er, ásamt köldu vatni.
  - *Ábyrgð: Sveitarstjórn, Norðurorka Verklok: 2015*

# Menningarminjar – náttúruminjar

## Stöðulýsing:

- Vaxandi áhersla hefur verið lögð á menningarminjar tengdu Hrauni í Öxnadal, fæðingarstað Jónasar Hallgrímssonar. Þar er fyrirhugað að koma á fót minningarstofu um Jónas, fræðimannaaðstöðu og annarri aðstöðu, auk þess að stofna fólkvang í landi Hrauns. Jafnframt er fyrirhugað að skipuleggja sumarhúsabyggð á svæðinu. Að baki þessu menningarverkefni stendur einkahlutafélagið Hraun í Öxnadal.
- Á Gásum eru einstakar minjar, þar var einn elsti kaupstaður landsins, frá miðöldum, og er þar að finna merkar verslunarminjar. Staðurinn er friðlýstur minjastaður í umsjá Fornleifaverndar ríkisins og fellur hann undir Minjasafnið á Akureyri, sem hefur umsjón með verkefninu í samvinnu við aðrar stofnanir. Hann er með merkustu minjastöðum í landinu vegna vel varðveittra fornleifa og ríkulegra ritheimilda. Síðustu ár hafa farið fram fornleifarannsóknir og náttúrufarsrannsóknir á svæðinu. Upplýsingar um Gásaverkefnið er að vinna á heimasíðunni: [www.gasir.is](http://www.gasir.is).
- Víða annars staðar í sveitarfélaginu eru menningarminjar, s.s. á Skipalóni, Hlöðum, Dagverðareyri, Myrká, Baugaseli, Skriðu og Fornhaga, svo fátt sé talið.
- Þrjár kirkjur eru í sveitarfélaginu; í Glæsibæ, á Bakka og Bægisá og eru þær allar friðaðar. Kirkjugarðar eru á Myrká, þar sem enn er jarðsett, í Glæsibæ og á Laugalandi en hann er aflagður. Einnig eru heimagrafreitir á nokkrum stöðum.
- Leifar af útræði eru víða við ströndina og voru síldarstöðvar Norðmanna á fimm stöðum í Glæsibæjarhreppi hinum forna, þ.e. Dagverðareyri, Hanastöðum, Fjárkletti, Sílastaðatungu og Bakkavík.
- Á Djúpárþakka eru miklar minjar, m.a. braggar sem standa á upprunalegum stað frá stríðsárunum.
- Á nokkrum bæjum eru gömul bæjarhús, sem eru friðuð, m.a. á Þúfnavöllum og Ásláksstöðum, hvoru tveggja byggð fyrir ríflega 100 árum. Jafnframt stendur hús Ólafar frá Hlöðum ennþá. Einnig er ráðgert að halda við gömlum hrútakofa á Hrauni og rafstöðinni sem þar er og halda henni gangandi.
- Örnefnaskrár eru til af bæjum í sveitarfélaginu en nokkuð er um liðið síðan þær voru síðast endurskoðaðar.
- Jónasarlundur í Öxnadal er nokkuð stór trjálundur í landi Steinsstaða, sem gerður var í minningu Jónasar Hallgrímssonar. Lundurinn er vinsæll áningarstaður ferðamanna, en hann er rekinn af Vegagerð ríkisins.

## Framtíðarsýn:

Að varðveita sögu svæðisins og miðla þeim fróðleik til íbúa og gesta.

Þau svæði sem þarfnast verndar vegna sérstæðs náttúrufars, fuglalífs eða jarðmyndana verði varðveitt eftir bestu getu.

Náttúru- og menningarminjar svæðisins verði skráðar og flokkaðar eftir mikilvægi þeirra.

Aðgengi verði bætt að völdum svæðum.



## Verkefnalisti:

- ❖ Unnið verði að skráningu sagna sem tengjast eyðibýlum í sveitarfélaginu. Jafnframt verði sagnir sem tengjast jörðum í byggð skrásettar.
  - *Ábyrgð*: Sveitarfélagið, Háskólinn á Akureyri *Verklok*: Stöðugt í gangi
- ❖ Örnefnaskrár í sveitarfélaginu verði endurskoðaðar.
  - *Ábyrgð*: Sveitarstjórn *Verklok*: Stöðugt í gangi
- ❖ Ræktunarminum í sveitarfélaginu, s.s. áveituskurðum, beðasléttum, túngörðum o.fl. verði haldið til haga og upplýsingum um þær komið á framfæri við heimamenn og gesti. Meðal annars verði auglýst í fréttablaði sveitarfélagsins eftir upplýsingum um þessar minjar.
  - *Ábyrgð*: Sveitarstjórn *Verklok*: Stöðugt í gangi
- ❖ Ferðapjónusta sem byggir á menningarminum í sveitarfélaginu verði efld, t.d. verði svæðin opin á ákveðnum dögum yfir sumarið og möguleiki gefist á hringferð þar sem farið er á milli þessara staða. Þessa hringferð mætti tengja ferð út í Hrísey.
  - *Ábyrgð*: Ferðapjónustuaðilar *Verklok*: Stöðugt í gangi.
- ❖ Útbúinn verði kynningarbæklingur til ferðamanna um hvað sé markverðast að skoða í Hörgárbyggð, s.s. gönguleiðir, minjar, markverðir staðir, fornminjar. Bæklingurinn verði hafður til dreifingar á ferðamannastöðum.
  - *Ábyrgð*: Sveitarstjórn, Markaðsskrifstofa Norðurlands *Verklok*: Stöðugt í gangi.
- ❖ Sett verði upp skilti á hreppamörkum með áletruninni „Velkomin í Hörgárbyggð“.
  - *Ábyrgð*: Sveitarstjórn *Verklok*: 2006
- ❖ Útbúin verði fornleifaskrá fyrir sveitarfélagið.
  - *Ábyrgð*: Sveitarstjórn, Fornleifastofnun *Verklok*: 2006
- ❖ Merkingar á minjum í sveitarfélaginu verði bættar, t.d. verði sett upp merki við þjóðveginn sem vísi á merka staði, fjarlægð frá þeim o.s.frv.
  - *Ábyrgð*: Sveitarstjórn *Verklok*: 2010
- ❖ Markvisst verði unnið að því að nýta þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á Gásum til að kynna staðinn og koma honum á framfæri. Þetta verði gert í samvinnu við Minjasafnið á Akureyri sem hefur verkefnisstjórn í Gásaverkefninu.
  - *Ábyrgð*: Minjasafnið á Akureyri, Gásafélagið *Verklok*: 2016

# Náttúrumengun og umhverfismál

## Stöðulýsing:

- Umgengni í sveitarfélaginu er víða í nokkuð góðu lagi, þó sums staðar megi bæta hana. Mörg hús eru ekki notuð lengur og þyrfti að rífa sum þeirra til að bæta ásýndina og minnka hættu sem af þeim stafar. Þó þarf að huga að varðveislugildi húsa áður en þau eru rifin.
- Mengun hefur borist í Lónsá og er það einkum frá sláturhúsi sem stendur á bökkum hennar. En verið er að koma í veg fyrir þetta, í tengslum við endurnýjun starfsleyfis sláturhússins. Einnig hefur komið fyrir að svínaskítur hafi borist í læk sem liggur rétt hjá leikskólanum á Álfasteini, einkum þegar verið er að dæla úr haughúsinu við svínabúið.
- Samkvæmt rannsókn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra er Hörgá lítt snortin og mengun tiltölulega lítil í henni.
- Gróður hefur tekið við sér á síðustu árum, einkum vegna minni beitar.
- Víða eru ónýtar girðingar til lýta í sveitarfélaginu, auk þess skaða sem þær geta valdið.
- Íbúum hefur staðið til boða að fá unglinga út vinnuskólanum til að aðstoða sig við ýmsa vinnu, s.s. að mála eða rífa ónýtar girðingar, en það hefur lítið verið nýtt.
- Hávaðamengun er nokkur, einkum frá Þjóðvegi 1 sem liggur í gegnum endilangt sveitarfélagið.
- Loftmengun er einnig nokkur frá umferð á Þjóðvegi 1, en aðallega þó frá landbúnaði, einkum í nágrenni Skógarhlíðar.

## Framtíðarsýn:

Að ásýnd sveitarfélagsins verði sem snyrtilegust.

Tryggt verði að mengun sé haldið í lágmarki í sveitarfélaginu með bættri umgengni og fyrirbyggjandi aðgerðum.

## Verkefnalisti:

- ❖ Sveitarfélagið leggist gegn urðun úrgangs í sveitarfélaginu vegna jarðvegs- og loftmengunar, ásamt hættu á foki af urðunarstaðnum.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* Stöðugt í gangi
- ❖ Íbúar verði hvattir til að rífa niður girðingar sem eru ónýtar eða hætt er að nota.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* Stöðugt í gangi
- ❖ Íbúar verði hvattir til að koma gömlum vélum og því um líku, þannig fyrir að snyrtilegt sé, t.d. þessu sé raðað snyrtilega upp og helst þar sem lítið ber á.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* Stöðugt í gangi
- ❖ Íbúar verði hvattir til að halda við gömlum húsum sem hafa menningargildi.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* Stöðugt í gangi
- ❖ Bændur verði hvattir til að nýta tæki við dreifingu búfjáraður, sem dragi úr loftmengun.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* Stöðugt í gangi
- ❖ Lagst verði gegn brennslu á moði og sinu í sveitarfélaginu.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* Stöðugt í gangi
- ❖ Lagt verði til við sveitarstjórn að skipulagsnefnd verði útvíkkuð og hún hafi jafnframt með umhverfismál að gera.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* 2006

- ❖ Stofnuð verði hvatningarverðlaun fyrir góða umgengni. Fenginn verði utanaðkomandi aðili til að taka þetta út.
  - *Ábyrgð: Sveitarstjórn Verklok: 2007 og stöðugt í gangi*
- ❖ Þrýst verði á Vegagerð ríkisins um lagningu bundins slitlags á alla vegi í sveitarfélaginu.
  - *Ábyrgð: Sveitarstjórn Verklok: 2012*

# Skipulagsmál

## Stöðulýsing:

- Vinna við gerð aðalskipulags Hörgárbyggðar er komin vel af stað. Samið hefur verið við fyrirtækið Landmótun hf. og er áætlað að vinnunni verði lokið árið 2007.
- Sveitarfélagið á sjálft lítið af heppilegu byggingarlandi og hefur það staðið uppbyggingu í sveitarfélaginu fyrir þrifum.
- Hugmyndir hafa verið uppi um skipulagningu og uppbyggingu á svæðinu kringum Þelamörk. Það hefur hins vegar strandað á eignarhaldi jarðarinnar, sem er í eigu Legatsjóðs Jóns Sigurðssonar en hins vegar eru teikn á lofti um að breyting geti orðið þar á.

## Framtíðarsýn:

Að ávallt sé fyrir hendi skipulagt svæði fyrir íbúabyggð og frístundabyggð í sveitarfélaginu.

Að allt land sveitarfélagsins sé skipulagt.

## Verkefnalisti:

- ❖ Unnið verði að því að hafa nægilegt framboð af lóðum fyrir íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu, t.d. í þéttbýlinu við Skógarhlíð og við Laugaland á Þelamörk.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* Stöðugt í gangi
- ❖ Svæði undir frístundahúabyggð verði skipulagt í sveitarfélaginu, t.d. á Skútasvæði.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* 2007
- ❖ Lokið verði við gerð aðalskipulags.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* árslok 2007.
- ❖ Í aðalskipulagi verði tekið á skipulagi frárennslismála, einkum í Skógarhlíð.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* 2007
- ❖ Sveitarfélagið útbúi samþykktir þar sem skilgreind eru stærðarmörk þeirra svæða sem tekin eru undir skógrækt og þurfa að fara í mat á umhverfisáhrifum.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* 2007

# Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum

## Stöðulýsing:

- Samkvæmt upplýsingum frá Sorpeyðingu Eyjafjarðar bs. var skráður úrgangur á hvern íbúa í Hörgárbyggð 1.639 kg á árinu 2004, eða 639 tonn alls. Þetta var mesta magn á íbúa af sveitarfélögum á starfssvæði Sorpeyðingar Eyjafjarðar. Þar af voru 4,9 tonn af við sem fór í endurvinnslu, 12,3 tonn af steinsteypu sem fór í geymslu á urðunarstað í Glerárdal og 280 tonn af sláturúrgangi sem fór í urðun.
- Úrgangur frá heimilum er hirtur hálfsmánarlega og útvegur gámafyrirtækið hverju heimili eitt sorpílát, en þau geta verið af mismunandi stærðum.
- Fyrirtækin sjá sjálf um hirðingu og meðhöndlun úrgangs sem fellur til hjá þeim og greiða þann kostnað sem þessu fylgir. Úrgangur frá fyrirtækjum er 60-65% af þeim úrgangi sem fellur til í sveitarfélaginu og fluttur er til urðunar.
- Ekki er um flokkun á úrgangi að ræða, nema brotajárn og rúlluplast. Brotajárn er hirt einu sinni á ári en síðan geta íbúar fengið bíl oftast til að sækja brotajárn, ef þurfa þykir. Rúlluplast er sótt á bæi mánaðarlega yfir veturinn og flutt í Sagaplast á Akureyri. Auk þessa geta íbúar farið með flokkaðan úrgang inn á Akureyri, á gámostöðvar þar.
- Sorphirðugjöld á hvert eldhús eru kr. 10.000,- á ári.
- Heildarkostnaður sveitarfélagsins vegna hirðingar og förgunar úrgangs umfram tekjur vegna sorphirðu voru 1,8 milljónir króna árið 2004. Inni í þessum kostnaði er greiðsla sveitarfélagsins til Sorpeyðingar Eyjafjarðar bs, upp á liðlega 300 þúsund krónur, upp í framkvæmdakostnað vegna nýrra úrræða í förgunarmálum. Því er ljóst að tekjur af þessum málaflokki standa einungis undir hluta útgjaldanna sem af honum hlýst.
- Grunnskólinn vann fjóra daga í nóvember 2005 að umhverfispema þar sem m.a. var hugað að úrgangi og flokkun úrgangs.

## Framtíðarsýn:

Myndun úrgangs í sveitarfélaginu sé haldið í lágmarki.

Endurvinnsla úrgangs verði almenn og sá úrgangur sem ekki er endurunninn verðir brenndur til orkuvinnslu.

## Verkefnalisti:

- ❖ Komið verði á flokkun úrgangs heima á heimilunum og skapaðir möguleikar fyrir íbúana að koma frá sér flokkuðum úrgangi.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* Stöðugt í gangi
- ❖ Átak verði gert í að minnka myndun úrgangs. Það verði gert með gjaldtöku og fræðslu til íbúanna.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* 2007 og stöðugt í gangi
- ❖ Gjöld vegna hirðingar og meðhöndlun úrgangs standi undir þeim kostnaði sem af þessu hlýst. Ennfremur verði gjöld fyrir þetta tvennt aðskilin.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* 2007
- ❖ Upphæð sorphirðugjalds verði miðuð við magn úrgangs sem fellur til. Gjaldflokkar miðist við tíðni hirðingar úrgangs og/eða stærð úrgangsiláts.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* 2007
- ❖ Komið verði á sorpbrennslu í samvinnu við önnur sveitarfélög á starfssvæði Sorpeyðingar Eyjafjarðar.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* 2012

# Skógrækt

## Stöðulýsing:

- Í sveitarfélaginu eru níu jarðir sem hafa gert samning við Norðurlandsskóga. Þær eru: Ásláksstaðir, Dagverðareyri, Glæsibær, Hraukbæjarkot, Moldhaugar, Steðji/Skógar, Gerði, Flaga og Skjaldastaðir. Samtals eru það 598 ha sem gerðir hafa verið samningar um. Samningarnir byggjast á því að ríki greiði 97% af öllum kostnaði í upphafi en það er bundið þeim skilyrðum að við skógarhögg ber skógarbónda að greiða í ríkissjóð 15% af söluverðmæti timburs á rót. Upplýsingar um Norðurlandsskóga er að finna á heimasíðunni [www.nls.is](http://www.nls.is).
- Auk Norðurlandsskóga er skógrækt á nokkrum öðrum jörðum, um 350 ha að stærð. Þar af hefur Skógræktarfélag Eyfirðinga umsjón með tveimur svæðanna, þ.e. á Miðhálsstöðum og Laugalandi. Skógrækt ríkisins hefur umsjón með svæðinu á Vöglum.
- Alls eru því um 850 ha ræktaður eða fyrirhugaður skógur í sveitarfélaginu, sem getur bundið kolefni úr útblæstri um 1000 bíla á ári, sem ekið er 25.000 km ár hvert. Þetta gæti opnað möguleika á viðskipti með bindingu kolefnis.
- Á vegum Norðurlandsskóga hefur verið unnið og samþykkt svæðisskipulag skógræktar á Norðurlandi, sem unnið er eftir við skipulag og framkvæmdir.
- Á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu eru fornar skógarleifar, t.d. í Barkárgili.
- Skjólbeltarækt er veruleg á nokkrum jörðum í sveitarfélaginu og hefur hún verið styrkt af Norðurlandsskógum.

## Framtíðarsýn:

Að skógrækt í sveitarfélaginu verði skipulögð og landeigendur taki þátt í Norðurlandsskógum.

## Verkefnalisti:

- ❖ Jarðeigendur verði hvattir til að taka þátt í Norðurlandsskógum. Einkum verði horft til svæða inn til dala, sem henta illa til annarra nytja, s.s. fyrir byggingarland.
  - *Ábyrgð:* Norðurlandsskógar *Verklok:* Stöðugt í gangi
- ❖ Jarðeigendur verði hvattir til plöntunar skjólbelta á jörðum sínum.
  - *Ábyrgð:* Norðurlandsskógar *Verklok:* Stöðugt í gangi

# Neysla og lífsstíll

## Stöðulýsing:

- Grunnskólinn hefur í fimm ár staðið að svokölluðum útiskóla. Skólinn er einn dag í hverri viku, fimm stundir hvert sinn og er fyrir nemendur 1.-4. bekkjar. Markmiðið er að læra að útivist er möguleg í öllum veðrum, að kynnst umhverfi skólans og vinna fjölbreytt verkefni samkvæmt námskrá í „útistofu“. Annað þróunarverkefni, svonefnt „HHH-verkefni“ eða heilsa, hreyfing, hollusta, er nú unnið annað árið í röð. Það felur í sér hvatningu til breytts lífsstíls, breytts neyslumynsturs, þar með talið aukinnar vatnsneyslu með mat og á milli mála, hreyfingar og útivistar.
- Íþróttamannvirkin á Laugalandi nýtast til að efla heilsu og bæta lífstíl íbúa sveitarfélagsins, en þau eru einkum leigð út til félaga og einstaklinga, m.a. frá Akureyri.
- Sveitarfélagið er ekki aðili að verkefninu „Vistvernd í verki“.
- Áætlanir eru uppi um að útbúa fólkvang á Hrauni í Öxnadal og sem hluti af því er að merkja gönguleiðir á svæðinu.
- Í sveitarfélaginu er ungmennafélagið Smárinn, sem einnig nær yfir Arnarneshrepp, auk þess sem margir brottfluttir úr sveitinni eru félagar. Starfssvæði ferðafélagsins Hörgs er m.a. í Hörgárbyggð, auk annarra sveitarfélaga. Félagin hafa bæði staðið fyrir ýmsum uppákomum sem tengjast útivist, íþróttum og bættum lífstíl, s.s. útivistar- og íþróttadagar hjá Smáranum, Jónsmessunæturgamán og gönguferðir.
- Í framhaldi af umhverfispema sem unnið var haustið 2005, er starfsfólk grunnskólans byrjað að meta hann út frá umhverfisgátlista Landverndar sem tengist „Grænfána-verkefninu“ og koma ýmsum hlutum til betri vegar af þeim þáttum.

## Framtíðarsýn:

Að íbúar sveitarfélagsins séu meðvitaðir um áhrif neyslu og lífstíls á heilsu og umhverfi.

Að útivistarsvæði í sveitarfélaginu séu aðgengileg fyrir almenning.

## Verkefnalisti:

- ❖ Tekin verði upp vistvæn innkaup á vegum sveitarfélagsins og öllum stofnunum þess.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjóri *Verklok:* Stöðugt í gangi
- ❖ Átak verði gert í að auka nýtingu heimamanna á íþróttamannvirkjum á Laugalandi.
  - *Ábyrgð:* Umf. Smárinn, Sveitarstjórn *Verklok:* Stöðugt í gangi
- ❖ Útbúin verði útivistarsvæði víðar í sveitarfélaginu sem væru opin almenningi.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* Stöðugt í gangi
- ❖ Þelamerkurskóli gerist aðili að Grænfánaverkefninu.
  - *Ábyrgð:* Skólastjórnendur *Verklok:* 2007
- ❖ Skógræktarsvæðið fyrir ofan Laugaland verði útbúið með gönguleiðum, undirgöng verði sett undir Þjóðveg 1 og göngubrú yfir Krossastaðaá. Þetta verði gert til að auka möguleika á útivist.
  - *Ábyrgð:* Skógræktarfélag Eyfirðinga, Vegagerð ríkisins *Verklok:* 2009
- ❖ Göngustígar verði útbúnir í skógræktarsvæðum í sveitarfélaginu. Byrjað verði á Laugalandsreit og stefnt að því að tengja það við skógræktarsvæðið á Vöglum.

- *Ábyrgð*: Sveitarstjórn, Skógræktarfélag Eyfirðinga, Skógrækt ríkisins *Verklok*: 2010
- ❖ Útbúin verði stikuð gönguleið frá Hálsi, um Hraunsvatn, Hraun og aftur að Hálsi.
  - *Ábyrgð*: Hraun ehf. *Verklok*: 2010
- ❖ Útbúnir verði reiðstígar í sveitarfélaginu, sem eru aðgengilegir en jafnframt aðskildir frá fjölförnum þjóðvegum.
  - *Ábyrgð*: Hestamannafélög, Vegagerð ríkisins *Verklok*: 2010
- ❖ Sett verði undirgöng undir þjóðveg nr. 1 í nágrenni við Þelamerkurskóla.
  - *Ábyrgð*: Vegagerð ríkisins *Verklok*: 2012
- ❖ Útbúin verði gönguleið með sjó í sveitarfélaginu og hún gerð aðgengileg.
  - *Ábyrgð*: Sveitarstjórn, landeigendur *Verklok*: 2018
- ❖ Hvatt verði til þess að golfvöllur verði útbúinn í sveitarfélaginu.
  - *Ábyrgð*: Hagsmunaaðilar, ferðaþjónustuaðilar *Verklok*: 2020
- ❖ Merkt verði gönguleið upp með Fossá upp að Vindheimajökli.
  - *Ábyrgð*: Sveitarstjórn *Verklok*: 2020



# Fjölskyldumál

## Stöðulýsing:

- Ýmiss konar félög eru starfandi í hreppnum en þau eru misjafnlega virk. Nokkur helstu félögin eru kvenfélag, tvö fjárræktarfélag, hestamannafélag, bridgefélag, ferðafélagið Hörgur og ungmennafélagið Smárinn. Sum þeirra eru einnig fyrir íbúa Arnarneshrepps. Leikfélag Hörgdæla, sýnir á Melum í Hörgárdal annan hvern vetur, oftast við mjög mikla aðsókn.
- Félag í hreppnum (ungmennafélag, kvenfélag, hestamannafélag, kirkjukór og leikfélag) halda sameiginlega árshátíð.
- Kirkjukór Möðruvallakirkju er starfandi.
- Félag aldraðra, Þristurinn, var sameinað félagi aldraðra á Akureyri fyrir nokkrum árum.
- Mikið félagslíf er í tengslum við grunnskólann, en að öðru leyti er félagslíf í hreppnum frekar dauft. Þó eru nokkrir árlegir viðburðir s.s. þrettándagleði, Fífilbrekkuhátíðin á Hrauni í Öxnadal og Jónsmessuvaka í Baugaseli. Einnig er félagsvist og bridge spiluð reglulega. Sumargleði Smárans er árleg og réttarball einnig og/eða jólaball, að ógleymdum þorrablótunum.
- Sveitarfélagið heldur úti heimasíðu, [www.horgarbyggd.is](http://www.horgarbyggd.is), sem er nýttur sem fréttu- og upplýsingamiðill.
- Sveitarfélagið er með þjónustusamning við Akureyrarbæ um faglega þjónustu varðandi félagsþjónustu og skólaþjónustu, en það sér hins vegar sjálft um heimilisaðstoð við aldraða í sveitarfélaginu.

## Framtíðarsýn:

Aðstæður fyrir íbúa á öllum aldri séu eins og best er á kosið.  
Aðstæður séu til staðar sem auka andlega og líkamlega velferð íbúanna.

## Verkefnalisti:

- ❖ Íþróttahúsið á Laugalandi verði nýtt betur fyrir íbúa sveitarfélagsins og þeir hafi forgang að notkun þess.
  - *Ábyrgð:* Stjórn íþróttamiðstöðvar *Verklok:* Stöðugt í gangi
- ❖ Átak verði gert í að laða að ungt fjölskyldufólk inn í sveitarfélagið.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* Stöðugt í gangi
- ❖ Félagslíf í sveitarfélaginu verði eftl. Haldin verði hátíð byggðarlagsins sem ætluð sé fjölskyldufólki.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn, Gásafélagið *Verklok:* Árlegt
- ❖ Öldruðum í sveitarfélaginu verði boðið í þelamerkurskóla tvisvar sinnum á vetri, þar sem þeir nytu samvista við börnin í skólanum. Fjöldi heimsókna verði síðan endurskoðaður í ljósi reynslunnar.
  - *Ábyrgð:* Skólastjórnendur *Verklok:* 2007 og stöðugt í gangi
- ❖ Útbúin verði fjölskyldustefna fyrir sveitarfélagið.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* 2007
- ❖ Tryggt verði gott háhraða netsamband til allra íbúa í sveitarfélaginu. Þrýst verði á yfirvöld samgöngumála til að þetta markmið náist.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* 2010

# Umferð og flutningar

## Stöðulýsing:

- Þjóðvegur 1 liggur langsum gegnum sveitarfélagið. Miklir þungaflutningar eru á þeim vegi, með tilheyrandi hljóð- og loftmengun, auk hættu fyrir vegfarendur og íbúa sveitarfélagsins.
- Flestir vegir utan þjóðvegur nr. 1 og Ólafsfjarðarvegur nr. 82 eru malarvegir og í misjöfnu ásigkomulagi.
- Brýr á veginum inn Hörgárdal eru orðnar lélegar og þarfnast lagfæringar.

## Framtíðarsýn:

Allir vegir í sveitarfélaginu verði lagðir bundnu slitlagi.  
Öryggi vegfarenda og íbúa í sveitarfélaginu verði tryggt.

## Verkefnalisti:

- ❖ Merkingar verði bættar í nágrenni grunnskólans, á starfstíma hans.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn, Vegagerð ríkisins *Verklok:* 2006
- ❖ Aðstaða fyrir skólabíla á heimreiðum verði bætt, t.d. með því að breikka þær heimreiðar sem skólabíll á erfitt með að athafna sig á.
  - *Ábyrgð:* Vegagerð ríkisins *Verklok:* 2008
- ❖ Undirgöng vegna húsdýra verði sett við Bægisá og Moldhauga.
  - *Ábyrgð:* Vegagerð ríkisins *Verklok:* 2010
- ❖ Sett verði lýsing á þjóðveg 1 út í Þórustaðagil og helst fram fyrir belamerkurskóla.
  - *Ábyrgð:* Vegagerð ríkisins *Verklok:* 2010
- ❖ Sett verði lýsing á veg upp Kræklingahlíð að Ásláksstöðum.
  - *Ábyrgð:* Vegagerð ríkisins *Verklok:* 2012
- ❖ Þrýst verði á Vegagerð ríkisins um að allir vegir í sveitarfélaginu verði lagðir bundnu slitlagi.
  - *Ábyrgð:* Sveitarstjórn *Verklok:* 2012
- ❖ Lagður verði nýr vegur frá Melum að Stóra-Dunhaga og hann verði með tvíbreiðum brúm og lagður bundnu slitlagi.
  - *Ábyrgð:* Vegagerð ríkisins *Verklok:* 2015